



# Ársskýrsla Samtaka sprotafyrirtækja

2021 – 2022



*Skýrsla stjórnar Samtaka sprotafyrirtækja.  
Lögð fram á aðalfundi 30. mars 2022.*

Samtök sprotafyrirtækja, SSP, voru stofnuð 2. júní 2004 og því lýkur nú 17. starfsári samtakanna. Markmiðið með stofnun SSP var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun á Íslandi.

Árið 2021 – 2022 einkenndist af áframhaldandi samkomutakmörkunum vegna útbreiðslu kórónuveirunnar en jafnframt aukinni áherslu og betri vitund um mikilvægi nýsköpunar og sprotafyrirtækja. Alþingiskosningar voru haldnar í september og tók stjórn SSP virkan þátt í að koma á framfæri áherslum SSP og SI inn í kosningarnar. Áherslur sprotafyrirtækja birtust með skýrum hætti í Hlaupum hraðar, riti sem Samtök iðnaðarins gáfu út í aðdraganda kosninga með áherslum frá iðnaðinum. [Skýrsluna í heild sinni má nálgast á vefsíðu SI.](#)



## NÝSKÖPUN

Ísland á að vera í fremstu röð meðal þjóða heims þegar kemur að nýsköpun. Styrkja þarf þjóðarþúið í harðri alþjóðlegri samkeppni á þessu sviði enda er hugvit án landamæra. Á árinu 2020 áttu sér stað mikilvægar umbætur á sviði nýsköpunar. Þar þæst hækkun á hlutfalli og þaki á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar. Fleira kom til. Nýr hvatasjóður frumkvöðlafjárfestinga, Kria, var festur í lög og framlög til Tækniþróunarsjóðs aukin. Þessar aðgerðir eru mikið framfaraskref og leggja SI áherslu á að haldið verði áfram á þessari braut.

Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Nýsköpun í atvinnulífi leggur grunninn að sköpun verðmætra og eftirsótttra starfa í framtíðinni. Nýsköpun á sér stað í öllum atvinnugreinum og hjá litlum og stórum fyrirtækjum. Með því að skapa kjöraðstæður fyrir nýsköpunardrífna starfsemi fyrirtækja hér á landi mun Ísland jafnframt leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að mæta þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í tengslum við loftslagsmál og öldrun þjóðarinnar, með tilheyrandi arði sem í því felst fyrir þjóðarþúið. Aðgerðir til að örva nýsköpun eru einnig nauðsynlegar til að uppfylla þörf fyrir aukinn útflytning, en gjaldeyristekjur þjóðarbúsins þurfa að aukast gríðarlega til að halda í við, og efla, lífskjör til framtíðar. Þetta verður einungis kleift með virkjun hugvits, nýsköpun, nýjum útflytningi og nýjum leiðum til að vinna aukin verðmæti úr takmörkuðum náttúruauðindum þjóðarbúsins.

Umgjörð og hvatar til nýsköpunar á Íslandi verða að fá veglegan sess í stjórnsáttmála nýrrar ríkisstjórnar enda mun fjárfesting í nýsköpun ráða úrslitum um framtíðarlífskjör hér á landi. Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur sem næstu skref í að skapa forsendur fyrir því að íslenskt hagkerfi verði í ríkari mæli drifit áfram af fjárfestingu í nýsköpun.

## TILLÖGUR AÐ UMBÓTUM

15. Gera breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, hækkun þaks og endurgreiðsluhlutfall vegna rannsókna og þróunar, ótímabundnar. Markmiðið er að skapa fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækja og gera þeim kleift að gera langtímaáætlanir um þróunarverkefni.
16. Hækka skattafrádrátt vegna fjárfestinga einstaklinga í sprotafyrirtækjum úr 75% í 100% til að virkja einkafjármagn í fjárfestingar í frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun.
17. Gera hækkun á heimild lífeyrissjóða úr 20% í 35% vegna fjárfestinga í vísisjóðum varanlega.
18. Auka enn frekar framlög til Tækniþróunarsjóðs og taka mið af mælanlegum markmiðum um úthlutunarhlutfall þannig að framlög taki mið af eftirspurn. Með þeim hætti er unnt að bregðast við háu atvinnuleysi og tilheyrandi aukinni aðsókn í sjóðinn hverju sinni.
19. Hvetja til verndunar hugverka með því að skattleggja tekjur fyrirtækja af hugverkaverndaðri vöru og þjónustu á annan hátt en aðrar viðskiptatekjur.
20. Liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til Íslands með rýmkuð á heimild til skattafrádráttar, einföldun ferla leyfisveitinga og stafrænni nálgun.
21. Markaðssetja Ísland á breiðari grunni, sem nýsköpunarland og því beint sérstaklega að fjárfestum, frumkvöðlum og erlendum sérfræðingum. Stórefla upplýsingagjöf um skattahvata og umgjörð nýsköpunar.
22. Efla stuðning við markaðssókn fyrirtækja og sölu á íslensku hugviti. Setja á laggimar sérstakan sölu- og markaðsþróunarsjóð í umsjá Rannís með 1 ma.kr. árlegu framlagi í sjóðinn.

Mynd 1: Úr skýrslunni Hlaupum hraðar frá Samtökum iðnaðarins

## UM SSP

SSP er starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins (SI).

Miðað er við þá skilgreiningu að sprotafyrirtæki séu fyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsókna- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar á. Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að:

- Þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 10% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.

- Þá er gert ráð fyrir að fyrirtæki hætti að teljast sprotafyrirtæki þegar þau hafa náð veltu sem nemur einum milljarði króna á ári eða verið skráð í aðallistakauphallar.

Fyrirtæki innan SSP eru góður þverskurður tækni- og hugverkafyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, leikjaiðnaði, líftækni, orku- og umhverfistækni, heilbrigðisiðnaði/tækni, matvælatækni, véltækni og byggingartækni. Í SSP eru á fjórða tug fyrirtækja sem falla undir áður nefnda skilgreiningu.

Tengiliðir SSP innan SI á starfsárinu voru Nanna Elísa Jakobsdóttir og Edda Björk Ragnarsdóttir, viðskiptastjórar á iðnaðar- og hugverkasviði.

## Stjórn SSP 2021 - 2022

Stjórn SSP var kjörin á aðalfundi 18. mars 2021 en vegna mikils áhuga á stjórnarsetu var stjórnin stækkuð tímabundið í átta manns. Nýr formaður tók við stjórnartaumunum en fráfaramandi formaður gaf þó aftur kost á sér í stjórn.

Stjórn SSP var svo skipuð:

Formaður

- Fida Abu Libdeh, GeoSilica

Meðstjórnendur

- Alexander Jóhannuson – SVAI
- Íris Ólafsdóttir, Kúla 3D\*
- Kristinn Aspelund - Ankeri
- Kolbrún Hrafnkelsdóttir - Florealis
- Róbert Helgason - Autoledger
- Stefán Baxter – Snjallgögn / Quick Lookup
- Stefán Björnsson - Solid Clouds



Mynd 2: Fida á aðalfundi SSP árið 2021

\*Íris Ólafsdóttir sagði sig úr stjórn í febrúar 2022

## Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins

Síðan 2016 hefur verið starfrækt Hugverkaráð á vettvangi SI en í því eiga sæti fulltrúar allra starfsgreinahópa þeirra atvinnugreina sem byggja afurðir sínar á tækni og hugverki. Á vettvangi Hugverkaráðs eru rædd þau lykilmálefni sem fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga sameiginleg, til að mynda stuðningur við rannsóknir og þróun, aðgengi að sérfræðipækkingu og fleira. Fulltrúar SSP eru virkir í vinnu Hugverkaráðs auk þess sem viðskiptastjóri SSP hverju sinni vinnur náið með Hugverkaráði og situr alla fundi. Þannig er tryggt að upplýsingaflæði sé á milli ólíkra aðila og samvinna sé um sameiginleg málefni.

Fida Abu Libdeh og Róbert Helgason eru fulltrúar SSP í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins.



## Félagsmenn

Félagsmenn SSP eru við skrif þessarar skýrslu á fjórða tug talsins. SSP er í forsvari fyrir fjölbreyttan hóp fyrirtækja en innan raða SSP eru fyrirtæki á allra fyrstu stigum auk lengra kominna sprota. SSP vilja vera breiðfylking sprotafyrirtækja og tala máli hóps sem speglar þá fjölbreytni sem ríkir í hópi íslenskra srotafyrirtækja. Því er mikilvægt að endurnýjun eigi sér stað í hópi aðildarféлага. Níu srotafyrirtæki bættust í hópinn á árinu og er markmið SSP að ná til enn fleiri srotafyrirtækja á nýju ári.

## Áherslumál og verkefni starfsársins

Stjórn SSP hefur greint fjölmörg hagsmunamál sem vinna þarf að til þess að góðar hugmyndir einstaklinga og hópa að nýskapandi tæknilausnum fyrir íslenskt samfélag geti fallið í frjóan jarðveg og orðið að vel reknum fyrirtækjum.

Á stefnumótunarfundi nýrrar stjórnar í upphafi starfsárs var ákveðið að einblína á fjögur áherslusvið:

1. Fjármögnun
2. Umhverfi
3. Ímynd SSP
4. Annað

Nánar er fjallað um vinnu við áherslumálin hér að neðan:

## 1. Fjármögnun sprotafyrirtækja

### Endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunar:

SSP hefur, ásamt öðrum hópum í Hugverkaráði SI, lagt áherslu á að endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsóknar og þróunar í nýsköpunarfyrirtækjum verði samkeppnishæfar við önnur lönd. Í mars 2020 var hlutfall af endurgreiddum kostnaði vegna rannsóknar og þróunar hækkað í 35% minni fyrirtæki. Þessar breytingar höfðu jákvæð áhrif á vöxt hugverkafyrirtækja og höfðu í för með sér fjölgun starfa og verkefna samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins. Þessi hækkun var tímabundin til tveggja ára en það var fagnaðarefni síðastliðið haust þegar ríkisstjórnin boðaði það í stjórnarsáttmála að hækkunin yrði fest í lög varanlega. SSP fagnaði því og öðrum áherslumálum í stjórnarsáttmála en nánar er fjallað um það hér að neðan.

### Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa:

Hvatar fyrir einstaklinga til að fjárfesta í ungum og upprennandi fyrirtækjum eru mikilvægir þar sem í oft getur verið um áhættusama fjárfestingu að ræða auk þess sem slíkar fjárfestingar eru enn að ná fótfestu hér á landi. SSP vann á árinu að því að upplýsa um nýtingu úrræðisins en með breytingum á regluverki í kringum nýtingu þess árið 2019 varð það mun vænlegri kostur til fjármögnunar fyrir sprota. Sá misskilningur var þó enn útbreiddur að úrræðið væri ónothæft. Því hélt SSP kynningarfund um úrræðið á haustmánuðum. Nánar er fjallað um fundinn hér að neðan. Þá fór vinna í það að tryggja að úrræðið yrði áfram fyrir hendi en löggjöf gerði ráð fyrir því að það rynni út árið 2021. Það hefur nú verið framlengt um fimm ár til viðbótar. SSP hefur hvatt stjórnvöld til þess að auka frádráttinn enn frekar en reglurnar eru í dag á þá vegu að 75% fjárfestingarinnar megi draga frá skattstofni. Að mati SSP væri til bóta að hægt væri að draga 100% fjárfestingarinnar frá skattstofni.

### Efla Tækniþróunarsjóð:

SSP hefur lengi lagt áherslu á að framlög í Tækniþróunarsjóð verði aukin og að fleiri verkefni með A-einkunn fái styrk. Það er dýrkeypt fyrir samfélagið að umsókn með hæstu einkunn fái ekki brautargengi þar sem ávöxturinn af slíku verkefni getur orðið mikill. Því var einstaklega ánægjulegt að í desember var stærsta úthlutun Tækniþróunarsjóðs til þessa þar sem 146 verkefni fengu 3,2 milljarða króna í styrk. Árangurshlutfall styrktra verkefna af heildarfjölda umsókna jókst frá síðasta ári og fór úr 15% í 19%. Hér að neðan er tafla um fjölda umsókna og styrkja í ólíka styrktarflokka Tækniþróunarsjóðs.

**Tafla I. Fjöldi umsókna og styrkja**

| Styrktarflokkur          | Umsóknir   | Styrkir    | Árangurshlutfall |
|--------------------------|------------|------------|------------------|
| Fræ/þróunarfræ           | 166        | 45         | 27%              |
| Hagnýt rannsóknaverkefni | 61         | 10         | 16%              |
| Markaðsstyrkur           | 91         | 21         | 23%              |
| Sproti                   | 242        | 34         | 14%              |
| Vöxtur                   | 219        | 36         | 16%              |
| <b>Samtals</b>           | <b>779</b> | <b>146</b> | <b>19%</b>       |

## 2. Umhverfi

### Erlendir sérfræðingar:

Margt hefur áunnist í málefnum erlendra sérfræðinga á starfsárinu. Stjórn SSP vann í samstarfi við aðra hópa hjá SI að því að koma málefnum á kortið. Viðskiptastjóri SSP vann minnisblað um þær hindranir sem standa í vegi fyrir komu erlendra sérfræðinga hingað til lands og fór á fund ráðherra til þess að kynna niðurstöður þeirrar vinnu. Stefnt er að því að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga og er starfshópur farinn af stað innan ráðuneytisins til þess að vinna að málefnum. Niðurstöður verða kynntar um miðbik árs.

Stjórn SSP lagði jafnframt áherslu á að efla hvatakerfi fyrir erlenda sérfræðinga. SSP vill að skattfrádráttur fyrir erlenda sérfræðinga verði aukinn talsvert en í dag er það svo að 25% af launum erlends sérfræðings er ekki skattlagður fyrstu þrjú ár hans eða hennar í starfi hér á landi. Betra væri að hærri prósentu af launum félli utan skattskyldu eða að afslátturinn gildi yfir lengri tíma.

#### *Kaupréttarkerfi:*

Stjórn SSP lagði á árinu áherslu á að stjórnvöld tækju til skoðunar að kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki yrði uppfært en regluverkið í kringum kerfið hefur lengi verið vanköntum háð. Viðræður eru hafnar við iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið um útfærslur á nýju kerfi. SSP hafa skoðaða sænska kerfið og líst vel á þá leið.

#### *Skilvirkni Tækniþróunarsjóðs og töluleg gögn:*

SSP hefur á liðnum árum átt gott samstarf við starfsfólk Rannís sem sér um Tækniþróunarsjóð. SSP fundaði með fulltrúum sjóðsins og lögðu til leiðir til þess að gera umsóknarferli í sjóðinn skilvirkara. Þá hefur SSP safnað tölfræðigögnum síðastliðin ár í gegnum sjóðinn en nú stendur til að þetta verði sjálfvirk ferli og þannig fái SSP og aðrir ákveðin töluleg gögn á eftir hverri úthlutun. Þetta verkefni er þegar hafið hjá Tækniþróunarsjóði sem gaf út [fyrstu skýrslu Tækniþróunarsjóðs í lok árs 2021](#).

#### *Tæknisetur:*

Fulltrúi SSP situr í stjórn Tækniseturs en verkefni ársins var að kortleggja verkefni Tækniseturs eftir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands var lögð niður. Nokkur sprotafyrirtæki eiga aðstöðu hjá Tæknisetri í dag. Gríðarlega mikilvægt er að sprotar hafi aðgang að aðstöðu og tækjum til þess að þróa búnað en fyrirtæki í hátækni framleiðslu hafa átt góðu gengi að fagna síðastliðin ár. Stjórn SSP fundaði með framkvæmdastjóra Tækniseturs til þess að fá betri innsýn inn í starfsemina.

### **3. Ímynd SSP**

#### *Samfélagsmiðlar:*

Stjórn vildi á árinu vinna að því vekja aukna athygli á starfsemi SSP þar sem vinnan fer að mörgu leyti fram fyrir lokuðum dyrum; í umsagnarskrifum, á nefndarfundum, á fundum með hagaðilum og svo framvegis. Stofnuð var LinkedIn síða og því er SSP nú bæði til staðar þar og á Facebook.

Facebook: Fylgjendur SSP á Facebook eru í dag 680 talsins og 618 líkar við síðu SSP. Á starfsárinu frá mars 2021 fram í mars 2022 birtust 18 færslur á Facebook. Vinsælasta færslan náði til 8200 notenda en færslurnar náðu að meðaltali til rétt rúmlega 1400 notenda.

LinkedIn: Fylgjendur SSP á LinkedIn eru í dag 333 talsins. 25 færslur birtust á LinkedIn frá mars 2021 fram í mars 2022.

#### *Samskipti milli félagsmanna:*

Á árinu var stefnt að því að auka samskipti milli félagsmanna með því að efna til heimsókna í aðildarfyrirtæki en vegna heimsfaraldurs kórónuveiru var ákveðið að fresta verkefninu fram á næsta starfsár. Mikilvægt er að félagsmenn hafi vettvang til þess að skiptast á skoðunum og þekkingu og er það markmið samtakanna að liðka enn frekar fyrir því.

Þá var gefið út fréttabréf SSP sem er liður í því að upplýsa hinn almenna félagsmann um starfsemi samtakanna á milli aðalfunda. Stjórn hyggst áfram vinna að útgáfu fréttabréfs.

Stjórn SSP vill auka endurnýjun í samtökunum og tryggja að sem flest sprotafyrirtæki eigi aðild að SSP. Því lét stjórnin útbúa kynningarefni um ávinning af aðild og hefur haft samband við sprotafyrirtæki sem eru ekki í SI til þess að kynna starfið.

#### 4. Annað

##### Kjaramál

Stjórn SSP tók saman minnisblað um áherslur sprotafyrirtækja inni komandi kjaraviðræður eftir að hafa rætt málið ítarlega innan stjórnar og fundað með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins. Félagmenn SSP eru hluti af Samtökum atvinnulífsins og fara því SA með samningsumboð fyrir sprotafyrirtæki en enginn einn kjarasamningur er gildandi fyrir hópinn eðli málsins samkvæmt. SSP lagði áherslu á aukinn sveigjanleika í kjaramálum og að uppfæra þurfi nálgun í kjaraviðræðum þar sem núverandi vinnumarkaðsmódel hefur ekki þroskast í takt við þær öru breytingar sem hafa átt sér stað í atvinnulífinu á undanförunum árum. Núverandi kjarasamningar gera ekki ráð fyrir fyrirtækjafyrirkomulagi eins og félagi á sprotastigi. Staðreyndin er sú að vegna örra tæknibreytinga, aukinnar áherslu á nýsköpun og hugverk og alþjóðavæðingar hefur sprotafyrirtækjum fjölgað á síðastliðnum árum en þess sér ekki stað í kjaraviðræðum.

SSP benti á eftirfarandi atriði í kjaramálum. Skoða þarf þessi atriði í samhengi við áherslur stjórnvalda í nýsköpun og eflingu hugverkaiðnaðar:

- Krafan um að stofnendur sprotafyrirtækja greiði sér lágmarkslaun á fyrstu stofnárnum fyrirtækis getur reynst þungur baggi. Reiknað endurgjald má ekki fara niður fyrir ákveðna krónutölu sem er erfitt fyrir fyrirtæki sem enn hefur enga veltu og er í rannsóknar og þróunarstarfi.
- Á sama tíma er mikilvægt að hafa í huga að stofnendur sprotafyrirtækja eiga ekki að þurfa að fyrirgera lífeyrisréttindum og öðrum áunnum framtíðarrétti með því að fara í þá vegferð að stofna fyrirtæki.
- Lífeyrissjóðsgreiðslur eru sömuleiðis áskorun í rekstri sprotafyrirtækja sem þurfa að nýta hverja krónu í að þróa vöru sína og markaðssetja.
  - Stuðningur ríkisins í þessum efnum með einhverjum hætti myndi skipta sköpum.
- Kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki hér á landi er mjög takmarkað en ef rétt er á málum haldið gæti það orðið mikilvæg kjarabót fyrir starfsfólk sprotafyrirtækja.

##### Staða fjárfestinga í kvenleiddum sprotafyrirtækjum

Í janúar 2022 birtist skýrsla á vegum Northstack þar sem kom fram að aðeins ein fjárfesting af 25 fjárfestingum vísisjóða í nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi hafi farið til kvenleiddra teyma. Stjórn SSP ræddi málið og var einhugur um að bregðast við þessari staðreynd með einhverjum hætti. Formaður



SSP og fyrrverandi stjórnarmeðlimur skrifuðu [grein um málið sem birtist á Kjarnanum](#). Stjórn SSP hitti stjórn Framvís til þess að ræða stöðu kvenkyns frumkvöðla í tengslum við vísifjárfestingar.


### Viðburðir starfsársins

SSP hélt eða kom að fjölbreyttum og áhugaverðum viðburðum á árinu sem allir áttu það sammerkt að hvetja til aukinnar umræðu meðal sprotafyrirtækja.

#### Fjárfestingar í sprotafyrirtækjum

Starfsárið hófst á rafrænum viðburði um fjárfestingar í sprotafyrirtækjum en viðburðurinn var haldinn í tengslum við aðalfund SSP árið 2021. Reynslumiklir fjárfestar og fyrirtækjaeigendur fluttu erindi um fjárfestingar í sprotafyrirtækjum:

- Margrét O. Ásgeirsdóttir frá Brunni Ventures. Brunnur hefur nýlega lokið fjármögnun á vísisjóði (e. venture capital fund) sem ber nafnið Brunnur vaxtarsjóður II.
- Guðmundur Árnason frá Controlant. Hug- og vélbúnaður Controlant hefur verið mikilvægur hlekkur í dreifingu bóluafna vegna COVID-19 og fer Guðmundur yfir vöxt fyrirtækisins og með hvaða hætti fjármögnun þess hefur átt sér stað.
- Stefanía Guðrún Halldórsdóttir frá Eyri Vöxtur. Eyri Vöxtur er nýr vísisjóður hjá Eyri Venture Management.



#### Nýsköpunarvikan

SSP tók þátt í Nýsköpunarvikunni dagana 26. maí til 2. júní með fimm viðburðum sem voru haldnir rafrænt. Stjórnarmeðlimir í SSP sátum að flytja fyrirlestur um valin efni og í kjölfarið tóku við umræður.

Viðburðirnir voru eftirfarandi:

- Ímynd sprotafyrirtækja á Íslandi - Stefán Björnsson
- Menntun og þroski sprota og hagsmunaaðila - Alexander Jóhannuson
- Fjármögnun sprotafyrirtækja - Róbert Helgason
- Umhverfi sprotafyrirtækja - Stefán Baxter og Kristján Freyr Kristjánsson (gestur)
- Hvað er SSP? - Kristinn Aspelund

Mæting á viðburðina var góð sem sýnir að það er mikill áhugi á sprotasamfélaginu og starfsemi SSP. Í kjölfar fyrirlestra voru góðar umræður og þótti stjórn SSP gott að fá innsýn inn í hver eru áherslumál frumkvöðla sem standa fyrir utan samtökin.

### Vaxtarsprotinn

Vaxtarsprotinn var haldinn í 15. sinn og hlaut fyrirtækið 1939 Games verðlaunin í ár en fyrirtækið sextánfaldaði veltu sína. 1939 Games er tölvuleikjafyrirtæki sem gefur út leikinn KARDS en sögusvið leiksins er síðari heimsstyrjöldin. Velta fyrirtækisins jókst um 1.466% á milli árána 2019 og 2020 þegar veltan fóru úr rúmum 15 milljónum króna í 244 milljónir króna. Um var að ræða metvöxt í veltu frá því Vaxtarsprotinn var fyrst afhentur árið 2007.

Tvö önnur fyrirtæki, Coripharma og Algalíf, hlutu einnig viðurkenningar. Coripharma sérhæfir sig í framleiðslu og þróun lyfja fyrir önnur lyfjafyrirtæki um heim allan, ásamt því að þróa sín eigin lyf. Velta Coripharma jókst um 392% á milli árána 2019 og 2020, fór úr 180 milljónum króna í 888 milljónir króna eða nær fimmfaldaðist. Algalíf hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir að velta í fyrsta sinn einum milljarði króna. Algalíf framleiðir örþörunga í hátækni vatnskerfum og vinnur úr þeim astaxanthín sem nýtt er í fæðubótaefni og snyrtivörur um allan heim. Fyrirtækið jók veltu úr 625 milljónum króna í rúman 1,2 milljarð króna á einu ári.


Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka srotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri srotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Í dómnefnd í ár voru Gísli Hjálmtýsson fyrir Háskólann í Reykjavík, Lýður Skúli Erlendsson fyrir Rannís, Fida Abu Libdeh fyrir Samtök srotafyrirtækja og Sigríður Mogensen fyrir Samtök iðnaðarins.



### Kynningarfundur um skattfrádrátt fyrir hlutabréfakaup einstaklinga

Á rafrænum fræðslufundi Samtaka iðnaðarins og Samtaka srotafyrirtækja var fjallað um skattafrádrátt vegna hlutabréfakaupa. Erindi fluttu Halldór Snær Kristjánsson, framkvæmdarstjóri og stofnandi Myrkur Games, og Ásgeir Skorri Thoroddsen, verkefnastjóri og sérfræðingur hjá KPMG í lögfræðilegri ráðgjöf til nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækja, frumkvöðla og fjárfesta í nýsköpunargeiranum. Fundarstjórar voru Steinunn Pálmadóttir, lögfræðingur hjá SI, og Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI.

Halldór Snær Kristjánsson, framkvæmdarstjóri og stofnandi Myrkur Games, sagði frá fyrirtækinu og hvernig fyrirtækið hefur nýtt sér úrræðið. Sagði hann úrræðið mikilvægan hvata til



fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og hvetja til hærri fjárfestinga fjárfesta. Ásgeir Skorri Thoroddsen, verkefnastjóri og sérfræðingur hjá KPMG í lögfræðilegri ráðgjöf til nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækja, frumkvöðla og fjárfesta í nýsköpunargeiranum, fjallaði um skilyrði sem hlutafélög þurfa að uppfylla og þau skilyrði sem einstaklingar sem nýta sér úrræðið þurfa að uppfylla. Fór hann inn á að fjárfestar hefðu ekki nægilega þekkingu á úrræðinu og því væri mikilvægt fyrir stjórnendur sprotafyrirtækja að kynna úrræðið og þær breytingar sem hafa orðið á þeim skilyrðum seim einstaklingar og fyrirtæki þurfa að uppfylla til að hægt sé að nýta sér úrræðið. Í máli hans kom fram að síðustu ár hafi endurgreiðsluhlutfall hækkað auk þess sem skilyrði til nýtingar hafi verið rýmkuð.

Í lok fundar fóru fram umræður þar sem fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að framlengja úrræðinu.

#### Kynningarfundur ásamt Rannís um Evrópustyrki

SSP í samstarfi við Enterprise Europe Network (EEN) á Íslandi stóð fyrir rafrænum kynningarfundum um fyrirtækjastyrki frá European Innovation Council (EIC) ásamt kynningu á þjónustu EEN. Einnig var farið yfir styrki Horizon Europe, umsóknarferlið og styrkjaskrif.

Fjöldmörg styrkjatækifæri handa sprotafyrirtækjum og öðrum litlum og meðalstórum fyrirtæki sem standa í nýsköpun og rannsóknum eru fyrir hendi í Evrópu en ekki allir þekkja til og því þótti Rannís og SSP tilvalið að taka höndum saman og kynna möguleikana fyrir sprotasamfélaginu.

Bæði Rannís og SSP voru ánægð með samstarfið og stefna á fleiri sameiginlega viðburði í framtíðinni.



#### **Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar 2021-2025**

Árinu 2021 lauk á jákvæðum nótum þegar stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar var kynntur. Aðgerðirnar í þágu nýsköpunar sem fram koma í sáttmálanum kallast á við þær áherslur sem SI og SSP hafa sett fram.

SSP fagna því að í stjórnarsáttmálanum komi fram markvissar aðgerðir til þess að hugverk og nýsköpun geti áfram verið sóknarstoð í íslensku efnahagslífi:

- Framlengja á endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar og gera tímabundna hækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun varanlega.
- Efla á enn frekar samkeppnissjóði á sviði grunnrannsókna.

- Tímabundnar heimildir lífeyrissjóða til aukinnar fjárfestingar í nýsköpunar- og vaxtarsjóðum verða gerðar varanlegar.
- Haldið verður áfram að styrkja uppbyggingu nýsköpunar á landsbyggðinni með Lóu – nýsköpunarstyrkjum.
- Löggjöf um skattalega meðferð kaupréttta og hlutabréfa hjá nýsköpunarfyrirtækjum verður endurskoðuð.
- Nýsköpun og samvinna við sprotafyrirtæki verða notaðar í auknum mæli við að leysa vandamál hins opinbera.
- Auka á nýtingu nýsköpunar og skapandi tækni í heilbrigðiskerfinu og í þjónustu við eldra fólk.
- Ýta á undir frumkvöðlamenningu í skólum.

Þessar aðgerðir og fleiri eru grundvallarforsenda fyrir því að sprotafyrirtæki haldi áfram að spretta upp og vaxa hér á landi.

### Lokaorð

SSP hyggjast halda áfram að vinna af krafti félagsmönnum sínum til heilla. Starfið hefur svo sannarlega skilað árangri hingað til en þó er ærið verkefni fyrir höndum ef Ísland á að verða meðal fremstu þjóða þegar kemur að hagstæðu starfsumhverfi fyrir sprotafyrirtæki.